

**Ed.**

**251. Frumvarp til laga**

[126. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914.

Flm.: Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

2. mgr. 233. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur skip bjargað einhverju á ferð, og skal þá fyrst af björgunarlaununum bæta það tjón, sem við björgunina varð á skipi því eða farmi; næst eftir fá útgerðarmenn þrjá fimmtu hluta björgunarlauna, ef gufuskíp bjargaði, en helming, ef það var seglskip, en afganginum skal skipt milli skipshafnar, og skal skipta milli hennar að rétttri tiltölu við tekjur manna á skipinu, og skal miða við tekjur næsta mánaðar á undan. Nú var tilskilið, að skipshöfn skyldi hafa minni hlut í björgunarlaunum en nú var sagt, og er sá skildagi þá ógildur, nema skipið sé einkanlega búið út til bjargráða eða samið væri um eitthvert tiltekið björgunarstarf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Innanlands og utan hefur verið borið lof á fórnarlund og dirfsku íslenzkra sjómanna við björgunarstörf þeirra á höfum úti og við strendur landsins. Hér mun sít um oflof að ræða. Björgunarstörf þessi eru þó oft mikil áhætta, auk þess sem þau valda í flestum tilfellum útgerðarmönnum og skipshöfn meira og minna fjárhagslegu tjóni. Um það hefur þó ekki verið hirt og það eitt látið sitja fyrir að bjarga hinum nauðstöddu starfsbræðrum og því næst fleyi þeirra, væri þess nokkur kostur.

Oft hafa heyrzt um það óánægjuraddir, að þetta fórnfúsa starf væri lítils metið af hálfu löggjafans. Frumvarpi þessu, sem flutt er að beiðni stjórnar Sjómannafélags Reykjavíkur, er ætlað að bæta nokkuð úr þessu.

Helztu breytingar þessa frumvarps frá gildandi lögum eru, að af björgunarlaunum gufuskíps (vélskíps) renni nú til skipshafnarinnar 40% í stað 33 $\frac{1}{3}$ % áður og skipting björgunarlauna miðist nú við tekjur skipshafnar næsta mánuð á undan, í stað þess að áður var miðað við kaup, en á því er gerður mikill munur.

Eftir gildandi lögum hefur skipstjóri helming þess hluta, er til skipshafnarinnar gengur, og síðan aftur sinn hluta, miðað við kaup, af því, sem endanlega skiptist á milli skipshafnar. Með frumvarpi þessu er lagt til, að hlutur skipstjóra verði einungis miðaður við tekjur hans næsta mánuð á undan eins og annarra skipverja.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, mun ekki valda neinni byltingu, en virðist fremur geta heyrt undir nauðsynlega leiðréttingu.